

Nd.

926. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og borið það saman við lögin. Telur hún, að það stefni í rétta átt, en sé ófullnægjandi. Leggur nefndin því til, að það verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um breyting á mjólkurlögunum, þar sem upp séu tekin ákvæði, sem reynslan hefur sýnt, að nauðsynleg eru, og sé þar meðal annars tryggður tilgangur þessa frumvarps, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 22. jan. 1945.

Bjarni Ásgeirsson,	Jón Pálmason,	Har. Jónasson.
form.	fundaskr., frsm.	
Sigurður Guðnason.	Barði Guðmundsson.	